


HAGNAÐUR VIÐ STARFSEMI VIRK

ÚTREIKNINGUR MIÐAÐ

VIÐ ÁRIÐ 2016



UNNIÐ FYRIR
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐ,
VIRK
TALNAKÖNNUN HF.
MARS 2017

Inngangur

Í þessari skýrslu er áætlaður sparnaður af endurhæfingu í stað þess að vera á bótum bæði frá atvinnurekendum, sjúkrasjóðum, lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins. Verkið er unnið í framhaldi af fyrri skýrslum sem unnar voru að ósk Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Starfsendurhæfingarsjóðs (VIRK). Nú er hægt að bera saman útkomu á fjórum árum með sama hætti, þ.e. með því að skoða niðurstöður frá 2013 til 2016.

Verkið var unnið sem hér segir: Fyrir lá skrá um alla einstaklinga sem útskrifuðust frá VIRK árið 2016. Um þá voru ítarlegar upplýsingar, meðal annars um kyn, aldur, lífeyrissjóð, starf, staða þegar starf VIRK byrjar og þegar einstaklingurinn útskrifast. Er þar átt við hvort menn eru í veikindafríi í vinnu, á sjúkra/slysadagpeningum, endurhæfingarlífeyri, örorkulífeyri og svo framvegis. Ekki lágu fyrir upplýsingar um laun hvers um sig, en hvaða lífeyrissjóði þeir eru í. Talnakönnun hefur upplýsingar um launakúrfur eftir kyni og aldri í nokkrum lífeyrissjóðum og þær upplýsingar voru notaðar til nálgunar á launum einstaklinganna. Alls voru upplýsingar um 1.112 einstaklinga (1.353 árið 2015) sem útskrifuðust og þar af voru um 94% í lífeyrissjóði (ekki var alltaf vitað í hvaða lífeyrissjóði, en þeim sem upplýsingar vantar um voru reiknuð laun eins og þeim sem eru í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda).

Reiknuð voru laun samkvæmt meðaltali einstaklinga úr viðkomandi lífeyrissjóðum. Einnig voru upplýsingar um hve lengi meðferðin tók hjá hverjum um sig. Út frá þessum upplýsingum er hægt að setja fram ýmsar niðurstöður um tap samfélagsins af veikindunum og hagnað af endurhæfingu. Útreikningar af þessu tagi geta aldrei verið annað en nálgun. Engu að síður eiga útreikningarnir að gefa til kynna hvort hagnaður sé af slíkri starfsemi.

Niðurstöður í skýrslunni gefa hugmynd um hagnað hinna ýmsu aðila af endurhæfingunni. Þær mótast að sjálfsögðu af þeim forsendum sem menn gefa sér og í mörgum tilvikum er erfitt að sannreyna, því ekki er hægt að segja hvernig fólki hefði reitt af ef það hefði ekki verið í endurhæfingu. Útreikningarnir sem hér eru lagðir fram benda til þess að starfið sé mjög arðbært.

Af hálfu Talnakönnunar hafði Vigfús Ásgeirsson umsjón með verkinu en Jón Benediktsson vann útreikninga.

Reykjavík 23. mars 2017,



Vigfús Ásgeirsson


Verkefnið

- ▶ Hugmyndin er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- ▶ Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað, en árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.

Gögn

- ▶ Gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem útskrifuðust árið 2016, alls 1.112 einstaklinga
- ▶ Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, menntun, hjúskaparstaða, starf og fleira.
- ▶ Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru metin skv. meðallaunum í þeim lífeyrissjóði sem einstaklingurinn var skráður í eða sambærilegum lífeyrissjóði.

Mynd 1: Launaferlar (árslaun) þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri




Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Mynd 1 sýnir svipaða mynd og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og standa í stað fram yfir sextugt en lækka eftir það. Karlar eru með hærri tekjur en konur.
- ▶ Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki m.v. raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri og kyni út frá því í hvaða lífeyrissjóði þeir eru. Laun voru áætluð vegna 94% hópsins.

Gerðar voru ýmsar prófanir á gögnunum og ekkert benti til þess að í þeim væru neinar meiriháttar villur. Sett var fram sú kenning að laun hefðu ekki áhrif á lengd meðferðar. Meðallaun þeirra sem voru í meðferð 1-24 mánuði voru 361 þúsund og 384 þúsund hjá þeim sem voru 25 til 42 mánuði. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.

Mynd 2: Meðalárslaun útskrifaðra eftir lengd þjónustu í mánuðum




Útreikningar Talnakönnunar.

Árangur af starfinu

Mikill munur var á því hvernig árangurinn var eftir því hvernig staða fólks var þegar það hóf þátttöku hjá VIRK. Eins og gefur að skilja vegnaði mönnum almennt betur eftir því sem þeir komu fyrir í endurhæfingu eftir að sjúkdómur hófst eða slys varð. Hér að neðan eru sýndar nokkrar myndir þar um, en ekki eru um að ræða tæmandi úttekt.

- ▶ Á myndunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið. Mynd 3 bendir til þess að árangurinn sé mjög mismunandi eftir því í hvaða stöðu menn eru þegar þeir koma til VIRK. Mestur reiknaður árangur næst í hópunum sem annars vegar voru ekki með tekjur, en hins vegar á endurhæfingarlífeyri. Hér verður ekki farið út í vangaveltur um það hvers vegna þetta er, en þó má reikna með því að árangurinn sé almennt betri eftir því sem menn koma fyrir inn í meðferðina. Svo þarf að hafa í huga að laun þegar menn koma inn skipta máli í útreikningunum. Námsmenn eru yfirleitt ungir og hafa lág viðmiðunarlaun.


Mynd 3: Reiknaður meðalhagnaður m.v. stöðu þegar einstaklingur kom til VIRK



Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Borinn er saman fjöldi þeirra sem útskrifuðust árið 2016 við þá sem útskrifuðust árin 2013 til 2015. Af myndunum má sjá að útskrifuðum fækkar og sparnaður lækkar lítillega. Sparnaður lækkar ekki í hlutfalli við útskrifaða, eins og mynd 4 sýnir. Þetta skýrist að einhverju leyti af því að launakúrfur Talnakönnunar hafa hækkað um 8% frá 2016 til 2015 í takt við hækkun launavísitölu.


Mynd 4: Sparnaður í milljörðum (hægri ás) og fjöldi útskrifaður (vinstri ás) 2013-2016



Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Á mynd 5 sést að sparnaður á hvern útskrifaðan einstakling hækkar um tvær milljónir. Þetta er að hluta til vegna hækkunar launa, en einnig kann að vera að betri árangur sé að nást miðað við fyrri ár.

Mynd 5: Reiknaður meðalsparnaður á útskrifaðan einstakling hjá VIRK 2013-2016



Fjárhæðir í milljónum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Hvernig er reiknað?


Hér er reiknað á sama hátt og fyrri ári hvernig meta má sparnað vegna starfs VIRK. Rétt er að ítreka fyrri orð um að hér skipta forsendur miklu máli. Mestu skiptir þó að ábatinn af starfsemi, sem vissulega er erfitt að reikna af nákvæmni, sé meiri en kostnaðurinn við reksturinn.

- ▶ Menn geta gefið sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- ▶ Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- ▶ Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK kemur inn til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK.
- ▶ Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- ▶ Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina.

Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri.


- ▶ Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- ▶ Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- ▶ Þetta er væntanlega fremur varfærin forsenda, því ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- ▶ Tala mánaða í meðferð er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum.
- ▶ Formúlan fyrir síðasta hópinn er:
- ▶ $(60 - \text{mánuðir í meðferð}) \times \text{reiknuð laun}$
- ▶ Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Niðurstaðan gefur 13,6 milljarða króna í ávinning. Í fyrra var sambærileg tala 13,8 milljarða milljarðar og árið 2014 11,2 milljarðar.
- ▶ Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,4% frávik í plús eða mínus eða um +/-188 milljónir króna.
- ▶ Þetta þýðir að sparnaður ef miðað er við 48 mánuði í stað 60 er sparnaðurinn 11,4 milljarðar og 9,1 milljarður króna ef miðað væri við 36 mánuði.

Mynd 6: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við grunmat



Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 7: Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift




Fjárhæðir í milljörðum króna. Útreikningar Talnakönnunar.

Þessar myndir gefa til kynna að eftir miklu getur verið að slægjast ef endurhæfing tekst vel til. Þarna er fjárhagslegur hagnaður reiknaður í milljörðum króna, en auk þess er auðvitað hagnaður einstaklingsins af því að hafa öðlast starfshæfni á ný. Loks má reikna með því að ýmis samfélagslegur kostnaður verði mun minni en ella, t.d. kostnaður heilbrigðiskerfisins.

Til fróðleiks má setja inn iðgjöld og kostnað VIRK skv. ársreikningi árið 2016 með reiknuðum ábata.

Mynd 8: Iðgjöld og reiknaður ábati af starfi VIRK 2016




Blái hluti vinstri súlunnar sýnir iðgjöld árið 2016, en rauði er mismunur kostnaðar og iðgjalda. Kostnaður var 2.394 milljónir króna en iðgjöld um 2.217 milljónir króna. Ársreikningur VIRK. Útreikningar Talnakönnunar.

- ▶ Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- ▶ Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 63,2 milljarðar króna. Þar af reiknast 30,6 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu. Í fyrra var sambærileg tala 30,0 milljarðar.
- ▶ Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Það eru 15,3 milljarðar kr.

Þessir útreikningar sýna að það er ekki hægt að benda á eina tölu sem hagnað af endurhæfingarstarfinu. Hins vegar benda tölurnar til þess að hann sé mjög mikill.

Til fróðleiks var sett fram hvernig áætlaður ábati skiptist milli Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða, einstaklinganna og ríkisins í formi skatttekna. Þetta sést á mynd 9:

Mynd 9: Hlutfallsleg skipting ábatans af endurhæfingunni



Útreikningar Talnakönnunar.

Á mynd 9 er rétt að benda á að nokkrir einstaklingar sem eru með lág laun geta verið betur settir fjárhagslega ef þeir fara á örorkulífeyri Tryggingastofnunar. Þeir eru táknaðir með neikvæðu súlunni lengst til hægri. Ef um ungt fólk er að ræða er líklegt að launin muni hækka síðar á ævinni þannig að slíkur „hagnaður“ er þá aðeins tímabundinn.

Meginatriði er að miðað við þetta er hagnaður lífeyrissjóða í heild um 6,7 milljarðar króna á ári, hagnaður Tryggingastofnunar um 3,1 milljarðar króna og ríkið fær viðbótar skatttekjur upp á 1,5 milljarða króna. Ofan á þetta kemur svo hagur einstaklingsins, sem er bæði fjárhagslegur og í formi þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið þátt í samfélaginu.

Niðurstaða

- ▶ Þessi greining gefur mynd af því hverju starf VIRK skilaði á árinu 2016.
- ▶ Ábatinn af starfseminni skilar sér bæði til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á það bætist ábati einstaklingsins.
- ▶ Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðuð sé sama kennitala á hverju ári.
- ▶ Þá er auðvitað líka mikilvægt að hún byggi á skynsamlegri nálgun.
- ▶ Talnakönnun telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé mjög arðbært.

